

**Áherslupættir í Melaskóla**

*Upplýsinga- og tæknimennt er þverfagleg og kemur inn sem stuðningur við aðrar námsgreinar. Mikil áhersla er á tölvunotkun í Melaskóla. Stefna skólans er að tölvur og netið séu verkfæri notuð til náms, upplýsingaöflunar, miðlunar og sköpunar.*

*Eftirlitslaus vinna í hvers kyns nettengdum búnaði er með öllu óheimil.*

**Stefna**

- Nemendur geti leitað/aflað upplýsinga og lagt mat á þær.
- Nemendur geti unnið með upplýsingar eins og hæfir efninu.
- Nemendur geti notað heimildir og virt reglur þar að lútandi.
- Nemendur geti notað hugbúnað til miðlunar upplýsinga.
- Nemendur taki ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.

*Skólinn styður það að notkun á samskiptavefjum sé ekki ætluð börnum yngri en 13 ára s.s. Facebook, Instagram og Snapchat.*

*Þessi viðmið er fengin frá þeim sem halda úti síðunum. Skólinn hvetur foreldra til að fylgjast með netnotkun barna sinna og gera þær varúðarráðstafanir sem hvert kerfi býður upp á. Skólinn styður heilshugar ábyrgt uppeldi í tölvunotkun barna og telur að samtaka máttur foreldra sé nauðsynlegur.*

***Í Melaskóla er lögð áhersla á yndislestur og gott aðgengi að skólasafninu.***

Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt við lok 4. bekkjar:	1. bekkur	2. og 3. bekkur	4. bekkur
<b>Vinnulag og vinnubrögð</b> Nýtt gagnvirt og rafrænt námsefni. Nýtt rafrænt námsefni við vinnutækni. Geri sér grein fyrir ólíkum notkunarmöguleikum.	Nemendur læra að skrá sig inn og út, í tölvukerfi skólans og ganga frá eftir notkun. Nemendur skoða upplýsingavef um mannlíkamann.	Nemendur lesa fræðirit um valið húsdýr á bókasafni og skrifa jafnharðan punkta (glósa). Þeir skoða a.m.k. tvær vefsíður, mu.is og husdyr.nam.is	Nemendur kynna sér lífshætti fólks í gamla daga hjá umsjónakennara.
<b>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</b> Leitað upplýsinga og nýtt við	Umræður um miðla, afþreyingu og verkefnavinnu. Veltum fyrir okkur mun á	Nemendur nota leitarvél til að finna myndir og ítarefni, þeir æfast í markvissri	Skoða vefsíður þar sem fjallað er um gamlan hlut sem þau koma með að

verkefnavinnu. Unnið með heimildir	verkfæri og leikfangi m.t.t. notkunar á tæknibúnaði. Nemendur gera hugtakakort.	leit. Nemendur geta heimilda og geri sér grein fyrir höfundarétti. Brýnt fyrir nemendum að sýna siðvit í meðförum heimilda og talað um eignarétt á hugviti. Nemendur læra að slóð er heimilisfang upplýsinga.	heiman.
<b>Tækni og búnaður</b>	Nemendur teikna mynd í teikniforriti. Þeir læra að gera mismunandi form, áferð og lita. Þeir læra tvo flýtitakka ctrl/z og ctrl/n.	Nemendur gera bækling um húsdýr. Þeir skrifa texta og setja inn myndir. Þeir hanna forsíðu, skrifa meginmál og gera einfalda en gilda heimildaskrá samkv. APA kerfi.	Nemendur taka mynd af hlutnum, léttu myndina og snyrta hana. Þeir skoða hvernig hægt er að breyta áferð, litum og birtustigi.
<b>Sköpun og miðlun</b>	Nemendur geri sér grein fyrir fjölbreytileika miðla	Bæklingur hluti af kynningu fyrir foreldra.	Nemendur gera stutta fréttapætti um hlutinn sinn, þeir eru síðan settir á netið og varðir með leyniorði.
<b>Siðferði og öryggismál</b>	Þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun.	Skilið og nýtt sér grunnreglur um netnotkun. Höfundaréttur og eign á hugverki.	Birting gagna og mynda á netinu. Umræður um netið kosti þess og galla. Nemendur sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga og skilji gildi ábyrgrar netnotkunar.
<b>Námsefni</b>	Sá hug- og tæknibúnaðar sem skólinn hefur aðgang að ásamt fræðibækur á bókasafni.		
<b>Námsmat</b>	Leiðsagnarmat og sjálfsmat að öðru leiti fer mat á verkefnum fram í samráði við umsjónakennara þar sem greinin er alltaf hluti af stærra verkefni.		